

Samþykktir Geitfjárræktarfélags Íslands

1. gr.

Félagið heitir Geitfjárræktarfélag Íslands, skammstafað GFFÍ. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns á hverjum tíma.

2. gr.

Aðilar að Geitfjárræktarfélag Íslands skulu vera þeir einstaklingar og lögaðilar sem skráðir eru í búgreinadeild Geitfjárræktarinnar innan Bændasamtaka Íslands hverju sinni og greitt hafa félagsgjöld til Bændasamtakanna samkvæmt ákvörðun Búnaðarþings.

Einungis félagsmenn með fulla aðild, sbr. 1. mgr., geta gegnt trúnaðarstörfum fyrir Geitfjárræktarfélag Íslands.

Fulltrúar á aðalfund Geitfjárræktarfélags Íslands skulu vera þeir sömu og kjörnir eru til setu á búgreinþingi búgreinadeildar geitfjárræktarinnar innan Bændasamtaka Íslands sama ár.

3.gr.

Tilgangur Geitfjárræktarfélags Íslands er að sameina þá, sem stunda geitfjárrækt, um hagsmunamál sín og vinna að hagsmunum þeirra innan Bændasamtaka Íslands með beinni aðild félagsmanna að Bændasamtökum Íslands.

4. gr.

Stjórn GFFÍ fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Stjórn félagsins skipa þrjú aðilar, kosnir til eins árs í senn. Kjörgengi til stjórnar og varastjórnar GFFÍ skulu hafa þeir einstaklingar sem sitja í stjórn og varastjórn búgreinadeildar geitfjárræktar innan Bændasamtaka Íslands hverju sinni. Formaður GFFÍ skal vera sá sami og gegnir starfi formanns búgreinadeildarinnar. Stjórn skiptir með að öðru leyti með sér verkum.

Þá skal einnig kjósa á aðalfundi skoðunarmenn reikninga félagsins til tveggja ára í senn, skulu þeir kosnir sitt árið hvor.

Formaður er fulltrúi félagsins á Búnaðarþingi.

5.gr.

Málefnum félagsins er stjórnað af:

- a) Aðalfundi
- b) Stjórn félagsins.

6. gr.

Aðalfund skal halda í kjölfari búgreinapings búgreinadeildar geitfjárræktarinnar innan Bændasamtaka Íslands og skal hann boðaður bréflega eða með öðrum sannanlegum hætti með tíu daga fyrirvara og telst fundarboðunin þá lögleg. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Séu lagabreytingar fyrirhugaðar skal þess getið í fundarboði og jafnframt hvaða greinum laganna fyrirhugað er að breyta. Einfaldur meirihluti ræður niðurstöðu mála, nema lagabreytingar sem þurfa 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Tillögur um lagabreytingar þurfa að hafa borist stjórn fyrir 1. mars ár hvert

Dagskrá aðalfundar:

1. Formaður setur fund og tilnefnir fundarstjóra og fundarritara.
2. Formaður flytur skýrslu stjórnar um störf á liðnu ári.
3. Gjaldkeri skýrir reikninga félagsins.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.
5. Reikningar bornir undir atkvæði.
6. Umræður og afgreiðsla tillagna.
7. Kosningar samkvæmt 4. grein.
8. Önnur mál.
9. Fundarslit.

7. gr.

Stjórnin skal boða til almenns fundar ef 1/4 félagsmanna óskar þess. Fundurinn skal auglýstur og boðaður eins og um aðalfund væri að ræða.

8. gr.

Stjórn er heimilt að stofna nefndir á hverjum tíma eftir því sem þörf krefur. Nefndir félagsins skulu hafa fullt samráð við stjórnina um mál er varða félagið og halda gerðabók um störf sín.

9. gr.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum framkvæmdum þess. Formaður boðar stjórnarfundi og stýrir þeim. Skytt er að halda stjórnarfund ef tveir stjórnarmenn óska þess. Varamenn skulu ávallt boðaðir á stjórnarfundi og skulu þeir hafa tillögurétt og málfrelsi.

Stjórnarfundur er lögmaður ef þrír stjórnarmenn eru mættir. Stjórnin skal halda gerðabók um störf sín.

10. gr.

Gjaldkeri hefur yfirumsjón með fjárreiðum félagsins, annast greiðslur og innheimtur sem við eiga. Hann skal fyrir aðalfund ár hvert gera eða láta gera reikningsyfirlit um hag félagsins og leggja reikninga þess endurskoðaða fyrir aðalfund til úrskurðar. Ennfremur skal gjaldkeri félagsins skila reikningsyfirliti fyrir þær nefndir, sem hafa með einhverja fjármuni að gera, og skulu viðkomandi nefndir skila honum reikningsyfirlitum eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.

11. gr.

Ritari geymir bækur og skjöl félagsins, og ritar gjörðabók á fundum. Ritari hefur umsjón með heimasíðu og samfélagsmiðlum félagsins og miðlar upplýsingum.

12. gr.

Ef leggja á félagið niður getur það einungis gerst á aðalfundi með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Eignir félagsins skulu þá renna til L.B.H.Í.

Samþykkt á aðalfundi félagsins haldinn 3.mars 2022 og öðlast þegar gildi.